



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 17/2011

**Ákvörðun um dagsektir á Karl Jónsson  
vegna lénanna logsatt.is og lögsátt.is.**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Hinn 24. mars 2011, úrskurðaði áfrýjunarnefnd neytendamála í máli nr. 18/2010, „*Kæra Karls Jónssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010*“. Þar staðfestir áfrýjunarnefndin hina efnislegu ákvörðun Neytendastofu. Í úrskurðarorðunum kemur fram að Karli sé bönnuð notkun lénanna logsatt.is og lögsátt.is og að bannið taki gildi fjórum vikum eftir dagsetningu úrskurðarins. Á þeim tíma skuli Karl afskrá lénin hjá ISNIC, Internet á Íslandi.

**2.**

Þann 29. apríl 2011, rúmum fimm vikum eftir dagsetningu úrskurðarins, hafði hvorugt lénanna verið afskráð. Af því tilefni sendi Neytendastofa þann dag bréf til Karls Jónssonar þar sem stofnunin, með vísan til IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, óskaði eftir skýringum og athugasemdum á því að ekki hefði verið farið að úrskurðinum. Til þess var gefinn tíu daga frestur.

**3.**

Svar Karls Jónssonar er dags. 8. maí 2011. Þar er m.a. óskað frekari og nákvæmari rökstuðnings áfrýjunarnefndar neytendamála vegna framangreinds úrskurðar og jafnframt lagðar fram spurningar til áfrýjunarnefndarinnar í tilefni úrskurðarins. Loks er því lýst yfir að Karl sé mjög ósáttur með niðurstöðuna.

Í bréfi Neytendastofu til Karls Jónssonar, dags. 11. maí 2011, er bent á 4. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, þar sem segir um úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála:



*„Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnslunnar og eru aðfararhæfir“.*

Þá er á það bent að af lagaákvæðinu verði ekki annað ráðið en að úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála verði ekki breytt. Hafi Karl því átt að afskrá lénin logsatt.is og lögsátt.is hjá ISNIC Internet á Íslandi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu úrskurðar nefndarinnar.

Tekið var fram í bréfinu að sá sem ekki vill una úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála, geti höfðað dómsmál til ógildingar úrskurðinum innan sex mánaða frá birtingu úrskurðarins. Slík málshöfðun fresti þó ekki réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Loks var í bréfinu bent á að fyrirspurnum til áfrýjunarnefndar neytendamála þurfi að beina beint til nefndarinnar.

## **II. Niðurstaða**

Í máli þessu hefur Karl Jónsson ekki farið að úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála um að hann skuli afskrá lénin logsatt.is og lögsátt.is. Úrskurðarorð áfrýjunarnefndar neytendamála sem byggja á 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu hljóða svo:

*„Kærandi, Karli Jónssyni, er bönnuð notkun lénanna logsatt.is og lögsátt.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir dagsetningu úrskurðar þessa. Skal kærandi á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi“.*

Þá staðfestir áfrýjunarnefndin hina efnislegu ákvörðun Neytendastofu.

Samkvæmt athugun Neytendastofu þann 25. maí 2011, hafa lénin enn ekki verið afskráð hjá ISNIC, Internet á Íslandi.

Í 23. laga nr. 57/2005 segir:

*„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“*



Í máli þessu liggur fyrir að Karl Jónsson hefur ekki farið að úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 18/2010 dags. 24. mars 2011. Að mati Neytendastofu er í máli þessu mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt með athafnaleyssi Karls Jónssonar að hann muni ekki fara að framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála. Af þeim sökum telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/2005. Verði ekki farið að ákvörðuninni innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar þykir Neytendastofu hæfilegt, að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins og jafnræðis við sektir í öðrum sambærilegum málum, að leggja á Karl Jónsson dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Karl Jónsson, Háabergi 3, Hafnarfirði, hefur með því að afskrá ekki lénin logsatt.is og lögsatt.is, brotið gegn úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr.18/2010, dags. 24. mars 2011.**

**Karl Jónsson skal innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar afskrá lénin logsatt.is og lögsatt.is. Verði það ekki gert innan tilskilins frests mun Neytendastofa leggja dagsektir á Karl Jónsson, með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Skal Karl Jónsson frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að úrskurðinum.“**

Neytendastofa, 25. maí 2011

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir